

Fréttabréf Mannréttindaskrifstofu Íslands

október 2014 – september 2015

Í rafrænu fréttabréfi Mannréttindaskrifstofu Íslands er að finna upplýsingar um starfsemi skrifstofunnar og yfirstandandi verkefni auk fróðleiks um mannréttindi á Íslandi og alþjóðlegum vettvangi. Er það von okkar að fréttabréfið verði velunnurum skrifstofunnar, og áhugafólki um mannréttindamál almennt, til gagns og gamans.

Þeir sem óska eftir að gerast áskrifendur að fréttabréfinu eða vilja hætta áskrift geta sent tölvupóst á info@humanrights.is.

Liðnir atburðir

Nefndarstörf

Sæti í nefndum

Framkvæmdastjóri MRSÍ situr áfram í ýmsum nefndum og vinnuhópum er starfa á vegum ríkisins. Má þar nefna velferðarvaktina, sérfræðinga- og fræðsluhóp um mansal á vegum innanríkisráðuneytis, Samráðs- og samhæfingarteymi um mansal á vegum velferðarráðuneytis, Fagråd MARK-Miðstöðvar margbreytileika og kynjarannsókna, nefnd um meðferð kvartana og kæra á hendur lögreglu og nefnd um málefni hinsegin fólks. Framkvæmdastjóri situr einnig í teymi um málefni innflytjenda, vinnuhópi um endurskoðun búsetuskerðinga og samráðshópi til að auka framgang og framkvæmd ályktunar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325.

Samstarfsverkefni

Samningur við velferðarráðuneytið um lögfræðiráðgjöf við innflytjendur

Þann 12. janúar 2015 endurnýjaði Velferðarráðuneytið samning við Mannréttindaskrifstofu Íslands um að annast lögfræðiráðgjöf við innflytjendur þeim að kostnaðarlausu. Mannréttindaskrifstofan hefur sinnt slíkri þjónustu síðastliðin þrjú ár og voru 513 viðtöl veitt á síðasta ári. Má því sjá talsverða fjölgun á milli ára.



Meira um það [hér](#).

Málþing um stöðu múslima á Íslandi

Framkvæmdastýra MRSÍ flutti erindi á málþingi um stöðu múslima á Íslandi, málfrelsi, trúfrelsi og þá hættu sem öfgafólk getur skapað í samfélaginu sem haldið var 17. janúar sl. í Iðnó. Í erindi sínu fjallaði hún m.a. um samspil trúfrelsis og hatursorðræðu.

Meira um aðra framsögumenn og fleira má finna [hér](#).

Fréttabréf Mannréttindaskrifstofu Íslands október 2014 – september 2015

Heimsókn frá slóvakískum félagasamtökum

Í ágúst mánuði fékk MRSÍ heimsókn frá tveim konum frá slóvakískum félagasamtökum í þeim tilgangi að kynna íslenskum félagasamtökum sem starfa að málefnum barna og til að fræðast um hvernig unnið sé að réttindum barna á Íslandi. Heimsókn þessi var styrkt af Uppbyggingarsjóði EES.

Meira má lesa um heimsóknina og frásögn kvennanna [hér](#).

Heimsókn portúgalskra og pólskra fulltrúa

Í júní fékk MRSÍ heimsókn frá fulltrúum ýmissa kvennasamtaka frá Portúgal sem kynntu sér kvennahreyfinguna og störf samtaka sem vinna gegn kynbundu ofbeldi og kynferðisofbeldi. Þau fengu einnig kynningu frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu varðandi nýjar starfsaðferðir við meðferð heimilisofbeldismála. Þá tók MRSÍ einnig á móti hópi pólskra kvennasamtaka og kynnti starfsemi sína þann 2. júní sl.

Rúmensk samtök heimsóttu okkur í ágúst

Dagana 24. og 25. ágúst heimsóttu okkur samtök frá Rúmeníu sem vinna að mannréttindamálum. Höfðu þau einkum áhuga á að kynna sér starfsemi MRSÍ með framtíðarsamstarf í huga.

Fundir og mannfagnaðir

Hvernig má staðfesta að pyndingum sé ekki beitt?

Mannréttindaskrifstofa Íslands og Íslandsdeild Amnesty International stóðu fyrir málþingi um mikilvægi fullgildingar valfrjálsrar bókunar við samningi Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum, þann 6. mars. Framkvæmdastýra MRSÍ var fundastjóri og voru fyrirlesarar innlendir sem og erlendir sérfræðingar.

Lesið meira um málþingið [hér](#).

Femínismi gegn fasisma - Baráttufundur í Iðnó

Þann 8. mars var haldinn baráttufundur í Iðnó í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna fyrir friði og jafnrétti. Fundurinn var með hátíðarsniði vegna 100 ára afmælis kosningarréttar kvenna og var boðið upp á pallborðsumræður að loknum framsögum sem framkvæmdastýra MRSÍ var þáttakandi í.

Meira um baráttufundinn [hér](#).

Afmælistofa Mannréttindaskrifstofu Íslands

Þann 7. maí var 20 ára afmæli MRSÍ fagnað með afmælistofu um tjáningarfrelsi og trúfrelsi og skerðingu þeirra í ljósi hatursorðræðu. Áhugaverð erindi voru flutt af Claudie Ashonie Wilson sem fjallaði um réttinn til að móðga trú í nafni tjáningarfrelsis. Bjarni Jónsson, formaður stjórnar MRSÍ, flutti erindi Sigurðar Hólm Gunnarssonar, í forföllum hans, sem fjallaði um misskilið tjáningarfrelsi. Sjón flutti erindi undir yfirskriftinni Trú, vopn og kærleikur. Að lokum var boðið upp á léttar veitingar.

Myndir frá afmælistofunni má finna [hér](#).

Fréttabréf Mannréttindaskrifstofu Íslands október 2014 – september 2015

Vorráðstefna Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins

Dagana 7. - 8. maí hélt Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins sína árlegu Vorráðstefnu á Hilton Reykjavík Nordica. Yfirskrift að þessu sinni var "Fötluð börn verða fullorðin – Hvað bíður þeirra?" og var fjallað um efnið út frá margvíslegum sjónarhornum. Meðal þátttakenda var Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdarstýra MRSÍ, sem fjallaði um efnið út frá sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Lesið má meira um ráðstefnuna [hér](#).

Fundur fólksins

Fundur fólksins er lífleg þriggja daga hátíð í Norræna húsinu um samfélagsmál sem haldin var 11. til 13. júní sl. Þar voru hin ýmsu félagasamtök með starfsemi alla hátíðina. Boðið var upp á líflega samfélagsumræðu milli almennings, stjórnmálamanna og frjálsra félagasamtaka þar sem opin skoðanaskipti voru leiðarstef. Rætt var meðal annars um pólitíska hugmyndafræði á annan hátt en færi gefst í pólitísku þrasi hversdagsins. Framkvæmdarstýra MRSÍ tók þátt í málþingi um hatusorðræðu sem haldin var á lokadegi hátíðarinnar.

Finna má frekari upplýsingar um hátíðina [hér](#) og [hér](#).

Málþing um samfélagstúlkun

Þann 11. september var haldið málþing um túlkun á vegum teymis um málefni innflytjenda í Safnaðarheimili Háteigskirkju. Þar flutti framkvæmdarstýra MRSÍ erindi um réttaröryggi og réttarstöðu, lagareglur um túlkun og hver staðan er í nágrannalöndunum í túlkamálum. Auk þess var fjallað um samfélagstúlkun og menntun, , reynslu túlkaog reynslu fagfólks og stofnana af vinnu með túlkum svo eitthvað sé nefnt.

Meira um málþingið má lesa [hér](#).

Sérverkefni

Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti

Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti var í ár haldin dagana 14. – 21. mars með viðburðum um gjörvalla Evrópu. Yfirskrift vikunnar þetta árið var "Hönd í hönd" og sá hönnuðurinn Arna Rún Gústafsdóttir um hönnun vörumerkisins. Líkt og fyrri ár heldur MRSÍ utan um skipulagningu vikunnar í samstarfi við ýms félagasamtök víðsvegar um landið. Í ár tóku þátt Evrópustofa, Rauði Kross Íslands, AFS á Íslandi, Landssamband æskulýðsfélaga, Ungliðahreyfing Rauða Kross Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Mannréttindastofa Reykjavíkur og Reykjavíkurborg.

Markmið verkefnisins var nú sem endranær að fræða ungmenni um kynþáttamisrétti og einnig að fræða þau um hvernig þau geti upplýst aðra um hinar ýmsu hliðar kynþáttamisréttis, hvernig sporna megi við því, osfrv.

Auk þess að fræðast um kynþáttamisrétti tóku nemendur og starfsfólk í yfir 20 grunnskóla um land allt, hönd í hönd í kringum skólabyggingar sínar til að sýna samstöðu með margbreytileikanum.



Fréttabréf Mannréttindaskrifstofu Íslands október 2014 – september 2015

Jafnframt skrifuðu yfir 1000 ungmenna persónuleg póstkort sem send voru til handahófvalinna Íslendinga líkt og verið hefur síðustu ár. Skilaboðin voru skrifuð sem hvatning til samstöðu gegn kynþáttafordómum og var viðtakendum boðið að taka þátt í þeirri samstöðu með því að taka mynd af sér með skilaboðunum undir millumerkinu #hondihond.

Félagasamtökin UNITED birtu á heimasíðu sinni lista yfir verkefni sem þóttu sérlega vel heppnuð í tengslum við Evrópuvikuna gegn kynþáttamisrétti og var Ísland þar á meðal, þótti vitundarvakningin, einkum grunnskólaviðburðurinn, heppnast einkar vel í ár og ríkir mikil ánægja meðal MRSÍ og annarra samstarfsaðila með það.

Frekari upplýsingar um Evrópuvikuna er að finna [hér](#) og á facebook síðu hennar [hér](#).

Önnur verkefni



Mannréttindaskrifstofa Íslands gaf bókasafn sitt

Þann 9. apríl afhenti MRSÍ Landsbókasafni/Þjóðarbókhöllu bókasafn sitt að gjöf við formlega athöfn að viðstöddu starfsfólki og stjórnarfólki MRSÍ og hluta úr starfshópi safnsins. Var þar að finna ríflega 1000 titla sem ýmist voru bækur, tímarit eða ýmiss konar skýrslur á hinum ýmsu tungumálum.

Meira um það [hér](#).

Framundan

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

Alþjóðlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi má rekja aftur til ársins 1991. Dagsetning átaksins, frá 25. nóvember, alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi, til 10. desember, hins alþjóðlega mannréttindadags, var valin til að tengja á táknrænan hátt kynbundið ofbeldi og mannréttindi. Markmið átaksins er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis.

Mannréttindaskrifstofa heldur utan um átakið líkt og undanfarin ár og tekur þátt í skipulagningu og framkvæmd þess. Þema ársins í ár er það sama og undanfarin ár eða Frá heimilisfriði til heimsfriðar.

Undirbúningur fyrir átakið er hafinn og stefnum við á að halda áfram með greinaskrif sem og að standa fyrir viðburðum þessa 16 daga.

Allar almennar upplýsingar um 16 daga átakið sem og upplýsingar um átak síðustu ára má finna á heimasíðu okkar: <http://www.humanrights.is/is/servefir/althjodlegt-16-daga-atak-gegn-kynbundnu-ofbeldi> og einnig á facebook síðu átaksins: <https://www.facebook.com/16dagar>.

Fréttabréf Mannréttindaskrifstofu Íslands október 2014 – september 2015

Uppbyggingarsjóður EES

Mannréttindaskrifstofan heldur áfram starfi sínu varðandi Uppbyggingarsjóð EES (áður þróunarsjóð EFTA) með tilheyrandi fundum.

Frekari fréttir af verkefnum Mannréttindaskrifstofunnar verður nú sem endranær hægt finna á heimasíðu okkar, www.humanrights.is

Fréttabréfið er einnig á heimasíðu MRSÍ:

<http://www.humanrights.is/static/files/Frettabref/frettabref-mrsi-okt14-sept15.pdf>